

Vikufréttir

Vika 17(26.04.2021 – 30.04. 2021)

Mánudagur

- ✓ Skólapúls í 9.b kl. 8:30
- ✓ Ný lota í list- & verk.

Þriðjudagur

- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 14:30

Miðvikudagur

- ✓ Stigsfundur á miðstigi kl. 14:30

Fimmtudagur

- ✓ Stigsfundur á unglingastigi kl. 14:30

Föstudagur

- ✓ Sjóferð hjá 7.b í boði Faxaflóahafnar

Spakmæli:

„Mismunurinn á því hver þú ert og hver þú vilt vera er það sem þú gerir“

Annað:

Við viljum hvetja alla þá sem eiga eftir að horfa á árshátíðana að gera það.

Árshátíð Grunnskólans í Borgarnesi 2020-2021, yngsta- og miðstig

<https://youtu.be/IZZEIBaCzTs>

Árshátíð Grunnskólans í Borgarnesi 2020-2021, eldri deild. Latibær

<https://youtu.be/Vtx4VwvFXvc>

Nýsköpun í list- og verk.

Síðan á haustmánuðum hafa nemendur í 9. bekk unnið tilraunaverkefni í list- og verkgreinum undir merkjum nýsköpunar. Verkefnið fólst í því að hanna vöru og fullvinna. Þurftu nemendur að ákveða hvernig vöru þeir gátu hugsað sér að framleiða, hanna síðan vöruna, umbúðir og vörumerki. Það er í mörg horn að líta í verkefni sem þessu og vandamál sem finna þarf lausnir á áður en lokaafurð verður að veruleika og reyndi þetta á sköpunarkraft og þrautseigju nemenda. Mánudaginn 12. apríl var afraksturinn kynntur fyrir nemendum og starfsfólki skólans. Vegna samkomutakmarkana var því miður ekki hægt að bjóða utanaðkomandi eins og stefnt hafði verið að. Vörurnar sem litu dagsins ljós voru fjölbreyttar og skemmtilegar og greinilegt að mikil vinna og hugsun liggur þar að baki. Á myndunum má sjá nokkur dæmi um afraksturinn.



Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Guðdís Jónsdóttir